

Akstur og öryggi erlendra ferðamanna 2016 – Febrúar 2017. Rögnvaldur Guðmundsson, Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf.

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar hefur gert könnun meðal erlendra brottfarargesta á fríhafnarsvæði í Flugstöð Leifs Eiríkssonar allt frá árinu 1996. Könnunin er nefnd „Dear Visitors“. Á tímabilinu maí til desember 2016 var til viðbótar gerð könnun fyrir Vegagerðina, þar sem spurt var um ýmislegt tengt vegakerfinu, akstri og umferðaröryggi. Í þessari skýrslu eru niðurstöður úrvinnslu úr þessum könnunum, en einnig er byggt á fleiri upplýsingum.

Ýmsar áhugaverðar niðurstöður koma fram í skýrslunni. Fram kemur að aukning hefur orðið því að ferðamenn nýti sér bílaleigubíla. Árið 2016 voru þeir 960 þúsund (56% gesta) samanborið við 480 þúsund árið 2014 (48% gesta) og 166 þúsund árið 2009 (33% gesta). Fram kemur að árið 2016 er talið að akstur erlendra ferðamanna á bíleigubílum hafi verið um 20% af öllum akstri á Íslandi það ár.

Af öðrum atriðum sem fram koma má nefna að rúmlega 97% svarenda kváðust alltaf hafa notað bílbelti í ferð sinni um Ísland en 0,5% sagðist aldrei hafa notað belt. Þá kemur fram að 5% kváðust mikið hafa ekið utan vega („off road“) en 36% lítið og 69% ekkert. Flestir ökumanna (98%) töldu sig reynda eða fremur reynda, en 0,5% töldu sig byrjendur. Nokkra athygli vekur að mjög margir vissu ekki um upplýsingasíður sem spurt var um. Þrír af hverjum fjórum vissu ekki um síðuna safetravel.is og 86% vissu ekki um road.is. Þetta bendir til að þessum síðum sé ekki haldið nóg á lofti, sem upplýsingaveitum fyrir akandi erlenda ferðamenn.

Þegar spurt var um nokkra þætti varðandi íslenska vegakerfið og umferðamenningu á Íslandi kom í ljós að meiri en helmingur taldi ástandið vera eins og þeir bjuggust við í öllum þáttum, en mun fleiri töldu það betra en þeir bjuggust við heldur en verra. Sem dæmi þótti 41% svarenda slitlagðir vegir vera betri en þeir bjuggust við, en 6% þótti þeir verri. Malarvegir (16%), áningastaðir (14%) og vegrið (14%) voru hins vegar þeir þættir þar sem hæst hlutfall svarenda töldu ástandið verra en þeir bjuggust við. Í fyrri „Dear Visitors“ könnunum hefur verið spurt um vegakerfið og þegar svör í sérstöku könnuninni 2016 eru borin saman við það er heildarniðurstaðan sú að vegir á Íslandi hafi batnað jafnt og þétt að mati erlendu gesta.